

<b>Karfi:</b>	U.S. cent á lb. Gif.
8 × 7 m.r. ....	31.75
10 × 5 m.r. ....	38.40
10 × 5 r.l. ....	44.70
12 × 1 ....	50.10
Blokk ....	39.00
<b>Ufsi:</b>	
8 × 7 r.l. ....	26.47
4 × 6 kg ....	29.50
10 × 5 ....	37.00
Blokk ....	30.00
<b>Langa:</b>	
8 × 7 r.l. ....	28.92
10 × 5 ....	51.70
Blokk ....	42.00
<b>Grálúða:</b>	
Heilfryst ....	31.40
Blokk ....	41.00
<b>Heilfrystur fiskur</b> .....	13.72

Verðbil verði 2.5% miðað við verðhækkun eingöngu. Greiðslur í sjóðinn miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu verðbili, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1972.*

F. h. r.  
**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*

## AUGLÝSING

um útgáfu Sérlyfjaskrár, Lyfjaverðskrár II, ásamt Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá og með 1. júlí 1972 tekur gildi Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, ásamt Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins, felldar sama í eina bók útgefna 30. maí 1972.

Jafnframt fellur úr gildi Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, ásamt Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969 ásamt síðari viðaukum og breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1972.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*